

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Seiluhreppi, Skagafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Seiluhreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1969.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 199.

25. júní 1969.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 243 4. september 1968, um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.****1. gr.**

Í stað orðanna: „Undanskilin ákvæðum laganna er flökuð síld í hvers konar umbúðum með allt að 15 kg nettóinnihaldi af síld“ í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, komi: Undanskilin ákvæðum laganna er söltuð síld í hvers konar umbúðum með allt að 3 kg nettóinnihaldi af síld.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 21. apríl 1962 um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar til að öðlast þegar gildi og birtist, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. júní 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 200.

25. júní 1969.

REGLUGERÐ**um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1968.****1. gr.**

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1969, er miðast við legudagafjölda 1968.

2. gr.

Sjúkrahúsinn falla eftir þjónustu í þrjá aðalfokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar læknisþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B.

3. gr.

Í I. flokki A eru:

Borgarspítalinn í Fossvogi frá 1. október 1968.

Í I. flokki B eru:

Borgarspítalinn í Fossvogi til 1. október 1968.

Borgarspítalinn í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

Sjúkrahús Akureyrar.

Í II. flokki A eru:

Hvítabandið.

Sjúkrahús Akraness.

Sjúkrahús Ísafjarðar.

Sjúkrahús Neskaupstaðar.

Sjúkrahús Keflavíkur.

Í II. flokki B eru:

Sjúkrahús Húsavíkur frá 1. október 1968.

Sjúkrahús Sauðárkróks.

Sjúkrahús Árnesinga.

Sjúkrahús Siglufjarðar.

Sjúkrahús Vestmannaeyja.

Í III. flokki A eru:

Farsóttahúsið í Reykjavík.

Sjúkrahús Patreksfjarðar.

Sjúkrahús Hvammstanga.

Sjúkrahús Blönduóss.

Sjúkrahús Húsavíkur til 1. október 1968.

Sjúkrahús Seyðisfjarðar.

Sólvangur í Hafnarfirði.

Í III. flokki B eru:

Sjúkraskýli Þingeyrar.

Sjúkraskýli Flateyrar.

Sjúkraskýli Bolungarvíkur.

Sjúkraskýli Hólmavíkur.

Sjúkraskýli Vopnafjarðar.

Sjúkraskýli Egilsstaða.

4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A	100%
Í I. flokki B	90%
Í II. flokki A	70%
Í II. flokki B	60%
Í III. flokki A	50%
Í III. flokki B	40%

5. gr.

Styrkupp hæðin skiptist í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

I. flokkur A	kr. 66.50
I. flokkur B	— 60.00
II. flokkur A	— 47.00
II. flokkur B	— 40.00
III. flokkur A	— 33.00
III. flokkur B	— 27.00

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1968 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúslögum nr. 54 10. júlí 1964 öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. júní 1969.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt fyrir Vatnsveitufélag Þykkvabæjar nr. 63 29. marz 1965.

1. gr.

Við 8. gr. samþykktarinnar bætast tvær málsgreinar svo hljóðandi:

Sé ekki staðið í skilum með greiðslu vegna reksturskostnaðar (vatnsskatts), má loka fyrir vatnið, þar til greitt hefur verið.

Framantaldar greiðslur (A og B) má taka lögtaki, ásamt áföllnum innheimtu-kostnaði, ef ekki er staðið í skilum, og eru þær tryggðar með lögveði í fasteignum gjaldanda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Samþykktarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Þykkvabæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.